



HITAVEITA SUÐURNESJA
BRÉFSÍMI 421-4727
Sími 422-5200

Fréttaveitan

Fréttabréf Hitaveitu Suðurnesja
og starfsmanna hennar

102. tölublað

29. júlí 1998 – 5. árgangur

Næsti útgáfudagur: 16. sept. 1998

532. stjórnarfundur Hitaveitu Suðurnesja

Ár 1998, fimmtudaginn 23. júlí kl. 8, var fundur haldinn að Brekkustíg 36 í Njarðvík

Mætt voru: Jón Norðfjörð, Árni Ragnar Árnason, Guðjón Stefánsson, Björn Herbert Guðbjörnsson, Jón Gunnarsson, Gunnar Ólafsson, Finnbogi Björnsson, Ingólfur Bárðarson og Margrét Gunnarsdóttir.

Einnig mættu: Júlíus Jónsson, Albert Albertsson og Björn Stefánsson.

Fyrir var tekið:

1. Forstjóri, Júlíus Jónsson, kynnti stöðu mála gagnvart ESA varðandi útboð og kaup á hverfli, útboð og samninga um byggingu orkuvers 5 og hugsanleg brot HS á reglugerð ESB um útboð og innkaup.

Skýrði Júlíus frá viðbrögðum hitaveitunnar við athugasemdum ESA, viðtölum við ráðherra um málið o.fl.

Stjórnarmönnum voru send gögn um málið með góðum fyrirvara fyrir fund.

Aðstoðarforstjóri, Albert Albertsson, kynnti ásamt

forstjóra, framkvæmdir við orkuver 5, borun niðurdælingar- og gufuhola og fl.

2. Umræður um nafn á kynningar- og mótuneytishúsið. Nefndin, sem kjörin var til að velja því nafn, hafði gert tillögu um tvö nöfn, Setrið og Eldborg.

Við leynilega atkvæðagreiðslu hlaut Eldborg fimm atkvæði en Setrið fjögur.

Hlýtur því húsið nafnið Eldborg. Tillögu að því nafni í samkeppninni átti Steinn Erlingsson, Faxabraut 47, Keflavík.

3 Forstjóri kynnti stöðu mála hjá Íslenska magnesíumfélaginu h/f og sagði frá fyrsta fundi nýrrar stjórnar með nýrri sjónvarpstækni, svonefndu fjarfundakerfi, þar sem hann var endurkjörinn stjórnarformaður. Jafnframt skýrði hann frá því, hvað framundan er hjá félaginu í náinni framtíð.

Von er á áströlskum hluthöfum í stuttar heim sóknir til viðræðna við ráðherra og Landsvirkjun.

4. Bréf Varnarmála-skrifstofu utanríkisráðu-

neytisins frá 10. júlí varðandi erindi varnarliðsins um kaup þess á heitu vatni og raforku frá Hitaveitu Suðurnesja. Óskar Varnarmálaskrifstofan funda með fulltrúum HS um málið.

Fram kom, að hitaveitan hefði aldrei fengið erindi varnarliðsins, sem þó barst Varnarmálaskrifstofunni í bréfi fyrir um þremur mánuðum síðan.

Samþykkt var að kjósa þriggja manna viðræðu- og samninganefnd til að starfa með forstjóra og aðstoðarforstjóra.

Gunnar Ólafsson bar fram tillögu um frestun málsins til næsta fundar, en hún var felld.

Í nefndina voru kosnir Jón Gunnarsson, Finnbogi Björnsson og Jón Norðfjörð.

5. Forstjóri kynnti hugmyndir varðandi jarðhitasvæðið á Reykjanesi, meðal annars með frekari virkjanir í huga.

Aðstoðarforstjóri kynnti málið enn frekar.

6. Önnur mál:

a) Forstjóri lagði fram bréf frá Landsvirkjun varð-

Meðal áhugaverðs efnis á síðum blaðsins:

Félagsfréttir	2
Reykjanes – hvað?	2
Verðlaunaafhending	3
Íslensk sjóefni ehf	3
Golf, Orkuveitumótið	4
Golf, Hitaveitumótið	5
Hlerað hjá hitaveitunni	6

o.fl. – o.fl.

Fréttaveitan:

- **Útgefandi:**
Hitaveita Suðurnesja
Brekustíg 36
260 Njarðvík
Sími 422-5200
Bréfsími 421-4727.
- **Ábyrgðarmaður:**
Júlíus Jónsson.
- **Ritnefnd:**
Júlíus Jónsson
Albert Albertsson
Björn Stefánsson

Frh. á bls. 2



➤ andi slæmar horfur í vatnsbúskap og hækkun verðs ótryggðs rafmagns um eitt og fljótlega jafnvel tvö verðþrep.

Bréfið staðfestir vissulega hversu nauðsynleg aukin virkjun við Svartsengi er og leiðir jafnframt hugann að nauðsyn aukinna virkjunarkosta í náinni framtíð.

b) Margrét Gunnarsdóttir, Finnbofi Björnsson og Gunnar Ólafsson, sem nú ganga úr stjórn og vara-stjórn hitaveitunnar, færðu stjórnarmönnum þakkar sínar fyrir góða samvinnu.

c) Stjórnarformaður, Jón Nordfjörð, þakkaði stjórnarmönnum ánægjulegt og málefnalegt samstarf. Sérstakar þakkar færði hann fráfarandi stjórnarmönnum og árnaði þeim heilla.

d) Stjórnarmenn færðu stjórnarformanni þakkar fyrir góð störf og skemmtilega fundarstjórn.

e) Forstjóri þakkaði, fyrir sína hönd og embættismanna ágæta samvinnu á liðnum árum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl 11⁴⁵.



Miðvikudaginn 15. júlí s.l klukkan 17 (nánast) stundvíslega lagði átta manna frækin hópur af stað frá dælustöðinni á Fitjum í átt til Svartsengis. Þrátt fyrir áeggjan starfsmannastjóra var hópurinn ekki stærri en gæðin voru því mun meiri.

Þátttakendur voru Petra, Geir formaður og forystusauður, Dadda og hennar Þórður, Ragga Júlí og hennar Rúnar og undirritaður og mín Bogga. Gengið var rösklega meðfram Njarðvíkuræð með vindinn í bakið en þetta var einn af fáum ekki-logn-dögum sumarsins.

Njarðvíkuræðin er, eins og flestir vita, æðin sem flytur heita vatnið frá Svartsengi til dælustöðvarinnar á Fitjum og því mikilvægur hlekkur í dreifikerfi Hitaveitunnar.

Æðin er 500mm stálpípa einangruð með 50mm steinull og klædd með ál-kápu. Hún var byggð árið 1977 og aðalverktakar við byggingu hennar

Reykjanes- hvað?

Eins og flestum Suðurnesjamönnum mun vel kunnugt, að minnsta kosti þeim, sem hér eru upp aldir, er Reykjanes lítið nes suðvestan til á skaganum, sem við það er kenndur og nefndur Reykjanes-skagi.

Skaginn er stígvélsлага, sem vel á við, því langt fram á þessa öld byggðist afkoma íbúanna mest á vinnu stígvéla-klæddra sjómanna. Reykjanesið sjálft er aftasti hluti halsins, og þar var reistur fyrsti viti landsins, Reykjanesviti.

Síðan hafa mörg vötn til sjávar runnið, þó reyndar hafi ekki mikið á því borði ofanjarðar á Reykjaneskaganum.

Á þeim tíma hefur þó Reykjanesnafn-ið teygst sig anzi langt. Allt hófst þetta með því, að misvísir vegagerðarmenn hófu að nefna nýjan, steinsteyptan veg til Suðurnesja Reykjanesbraut, enda þótt hann lægi alls ekki út á Reykjanes, held-ur til Keflavíkur og annarra Suðurnesja-byggða.

Réttnefni hefði því verið Suðurnesjavegur eða Suðurnesjabraut.

Og enn stækkaði Reykjanesið, og nú með breyttri kjördæmaskipan. Svonefnt Reykjaneskjördæmi teygði anga sína inn til landsins, allt til Hvalfjarðarbotns og Árnassýslu.

Síðan hefur verið höfðað til háttvirtra kjósenda á þessu svæði sem Reyknes-


inga, burtséð frá þeirri staðreynd, að á Reykjanesi hafi um langt skeið aðeins búið vitavörðurinn og hans fjölskylda, og eftir að vitavörðarstarfið var lagt niður, búi þar enginn.

Að sjálfsögðu er þetta latmæli, og dæmi eru þess, að önnur örnefni hafi breytt í tímans rás af sömu orsökum. Ástæða er þó til að sporna gegn þessu. Þar ættu ferðamálafultrúar Suðurnesja að vísa veginn, í stað þess að apa eftir.

Og enn hélt útþynning nafnsins áfram, er það var, í óþökk fjölda íbúanna, gefið nýju bæjarfélagi á Suðurnesjum, sem til varð við samruna þriggja sveitarfélaga þar.

Íbúar þess bæjarfélags geta í raun ekki kennt sig við bæinn sinn! Hver skilur nú, að Reyknesingur sé frá Kefla-vík, Njarðvík eða Höfnum, en ekki til dæmis af Kjalarnesinu eða úr Kjósinni?

Hugmyndir að nýrri kjördæmaskipan voru kynntar í fréttatíma ríkissjónvarps-ins í fyrrakvöld. Samkvæmt þeim virð-ist núverandi Reykjaneskjördæmi eiga að skiptast við álverið.

Verði af þessum breytingum, eiga Suðurnesjamenn að fylgjast vel með og gera þá kröfu, að nafn kjördæmisins verði vel valið og  þjálta í munni, án

voru í sameiningu bræðurnir Ellert og Svavar Skúlasynir. Verkfræðilegur ráðgjafi þeirra var Jóhann Bergþórsson verkfræðingur og má segja, að þarna eigi rætur sínar verktakafyrirtækið Hagvirki, sem í upphafi hét Hraunvirki.

Undirverktakar hjá þeim voru m.a. Hjalti Guðmundsson, sem unnið hefur mörg verk fyrir Hitaveituna, nú síðast byggði hann Eldborgina, og Lýður og Guðmundur, sem önnuðust suðuvinnu. Ef ég man rétt þá vann hjá þeim maður að nafni Kristján Leifsson, sem allir starfsmenn HS þekkja. Guðmundur þessi, sem er Gunnarsson, stofnaði síðar verktakafyrirtækið Gunnar og Guðmund ásamt Gunnari Birgissyni, en hann kom einnig nálægt framkvæmdum við uppbyggingu Hitaveitu Suðurnesja.

Nóg um söguna. Njarðvíkuræðin er um 12 km löng en þar sem hún liggur á kafla um afgirt vopnagemymslsvæði Varnarliðsins (Pattertonsvæðið), þarf maður að taka á sig um 1 km krók og er gönguleiðin því nærri 13 km. Við áðum í 15-20 mín. í skjóli við hæðardrag, nokkru norðan við Rauðamel þar sem

lóa nokkur, okkur með öllu ókunn, gerði sitt ýtrasta til að lokka okkur burt frá ungum sínum, sem hafa verið í næsta nágrenni. Mikið var hún fegin, þegar við lögðum af stað.

Æðin liggur í gegnum malarnámurnar í Rauðamel en um hann eru mörk Grindavíkur og Reykjanesbæjar. Þegar æðin var lögð var unnið úr námum beggja megin markanna, en námunni að sunnanverðu var lokað fljótlega eftir að æðin var lögð, ef ég man rétt.

Sunnan við Rauðamel tekur hraunið við, fallett eins og það er, sem og allir þekkja. Um þremur klukkustundum eftir að við lögðum af stað frá Fitjum komum við að Bláa Lóninu og þar var gott að hvíla lúin bein og þvo af sér svita og ferðaryk.

Eftir gott bað var komið við í veitingahúsinu við Lónið, þar sem við fengum okkur í svanginn. Sævar Sigurðsson náði svo í okkur á Caravellunni um kl. 10, og vorum við því komin heim um kl. 10³⁰, eftir ánægjulega gönguferð og samverustund.

Guðmundur Björnsson.

Verðlaunaafhending

Alls komu fram tilögur um 92 nöfn á nýja kynningar- og mótuneytishúsið við Svartsengi frá 102 höfundum.

Eins og fram kemur í fundargerð síðasta stjórnarfundar, hlaut nafnið **Eldborg** mestan hljómgrunn meðal stjórnarmanna, og hefur húsið nú hlotið það nafn.

Tillöguhöfundur reyndist vera söngvarinn og jafnframt innheimtustjóri hitaveitunnar, Steinn Erlingsson.



Hér sést forstjóri hitaveitunnar, Júlíus Jónsson, afhenda Steini verðlaunin, sem voru helgarferð fyrir tvo til Akureyrar, með öllu inniföldu.

Fréttaveitan óskar Steini til hamingju og vonar, að glæsilegt húsið muni bera nafn sitt með sóma.

Er húsið var tekið í notkun í vor, var opnuð þar sýning á verkum eftir listakon-

Verðlaunaafhending í samkeppni um nafn á nýja kynningar- og mótuneytishúsið fór fram í fyrradag

Frágangi hússins var ekki að fullu lokið, er það var tek-ið í notkun. Nú er loks byggingarfram-kvæmdum lokið, nema gjánni undir húsinu, sem enn á nokkuð í land. Verður það opið almenningi til sýnis í ágúst.

Listsýning Höllu leiðir hugann að því, hvort ekki væri skemmtilegt að bjóða fleiri listamönnum að sýna þar verk sín.

Í húsinu er gistirými, og er hægt að hugsa sér, hvort ekki mætti nota það að hluta til, þegar hitaveitan þarf ekki sjálf á því að halda, til afnota fyrir listamenn, sem þá fengju jafnframt einhverstaðar á svæðinu afnot af aðstöðu til að vinna að list sinni, meðan á dvölinni stæði.

Framkvæmdin væri þá sú, að t.d. myndlistarmaður eða skáld byggji á svæðinu ákveðinn tíma í einu og fengi þar fæði og vinnuástöðu, meðan á dvölinni stæði.

Er ekki að efa, að svæði, sem býr yfir dulúð og fegurð, orkuversins og umhverfis þess, mundi veita listamönnum innblástur og orku til góðra verka.

Ég minnst þess frá bernskuárum hitaveitunnar, að kunnur listamaður úr Kópavogi kom að máli við mig og spurði, hvort ekki mundi vera unnt að fá að dvelja þar um skeið og mála, staðurinn hefði svo sterk áhrif á sig.

Því miður gat ég ekki uppfyllt ósk hans þá, en þetta samtal hefur oft

una Höllu Haraldsdóttur. Sýningin stendur enn yfir, og vonandi verður eitthvað af verkum hennar þar til frambúðar.



„ELDBORG“

hið nýja kynningar- og mótuneytishús Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi verður opið almenningi um helgar í ágúst, frá og með laugardegnum 8. ágúst. Opið verður laugardaga og sunnudaga kl. 10-16.

Í húsinu er einnig listaverkasýning Höllu Haraldsdóttur, þar sem hún sýnir bæði málverk og glerlistaverk.

Suðurnesjamenn og aðrir eru hvattir til að koma í Svartsengi og nota tækifærið til að skoða bæði hið nýstárlega hús og bráðskemmtileg listaverk Höllu.

Hitaveita Suðurnesja

Íslensk sjóefni ehf á tímamótum

Hinn 8. júlí, sl. voru fjögur ár liðin frá stofnun Íslenskra sjóefna ehf. (Íssjó), en það var hópur rúmlega tuttugu fyrrum starfsmanna Íslenska saltfélagsins h.f., sem stóð að stofnun þess. Tilgangur félagsins hefur frá upphafi verið að vinna að endurreisn sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Eftir fjögurra ára starf stendur félagið nú á nokkrum tímamótum og er því tilefni til að líta um öxl og rifja upp það helsta, sem áunnist hefur.

Eins og menn rekur minni til var Íslenska saltfélagið h.f. lýst gjaldþrota á vormánuðum 1994 og í kjölfarið hið danska móðurfélag þess, Saga Food Ingredients a/s. Þess má til fróðleiks geta, að við gjaldþrot námu heildarfjárfestingar Saga Food í Saltverksmiðjunni rúmum einum milljarði ísl. króna.

Stofnendur Íslenskra sjóefna ehf höfðu um árabíl unnið að þróun hins íslenska lágnatriumsalts, eða heilsusaltsins eins og það er gjarnan kallað hér á Íslandi. Við stöðvun fyrri rekstrar hafði afurðin verið fullþróuð og þróun fram-

leiðslutækni verið orðin viðunandi. Það má segja að þessi staðreynd um einstaka fullþróaða vöru til sölu á alþjóða mörkuðum, sem framleidd er með sérstakri framleiðslutækni, hafi knúið menn til halda áfram, þar sem frá var horfið.

Íslensk sjóefni ehf hafa frá upphafi starfað í náinni samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja. Í kjölfar fyrrgreinds gjaldþrots, eða á miðju ári 1994, sýndi Hitaveita Suðurnesja þá framsýni að kaupa eignir og búnað Saltverksmiðjunnar frá hlutaðeigandi protabúum og sameina þar með eignir verksmiðjunnar undir einn hatt. Hinn 15. júlí á útgáfudegi 100. tölublaðs Fréttaveitunnar voru nákvæmlega fjögur ár liðin, síðan vaskur hópur 10 manna fór til starfa úti á Reykjanesi, eftir gerð fyrsta samstarfs-samnings félagsins við H.S. Í þessu sambandi er jafnframt athyglivert að minnst þess nú, að loknum fjórum starfsárum, að upprunalega, eða um sumarið 1994, töldu menn að allar niðurstöður um framtíðarrekstur verksmiðjunnar

þyrftu að liggja fyrir ekki seinna en í lok október þess sama árs.

Segja má, að á s.l. fjórum árum hafi rekstur Íssjó verið í formi þróunarverkefnis, sem greina má í eftirfarandi þrjá megin flokka: Vinnu að sölu og markaðsmálum verksmiðjunnar, vinnu að viðhaldi, vöktun og endurbótum verksmiðjunnar og í þriðja lagi lítilsháttar framleiðslu.

Eðalsalt, hvað er svona merkileg við það?

Mikilvægasta söluafurð verksmiðjunnar, sem gefur um 80% tekna, er lágnatriumsalt, sem á Íslandi hefur verið markaðsfært og selt undir vöruheitinu **Eðalsalt**. Það er ekki e.t.v. ekki úr vegi að skýra lítilsháttar mun á venjulegu salti og lágnatriumsalti. Segja má, að venjulegt matarsalt sé nánast 100% hreint saltefni, þ.e. efnasamband salts, natrium klóríð. Lágnatrium salt (low sodium salt) er vara, þar sem þetta efnasamband saltsins, natrium klóríð, hefur verið skert verulega, en önnur sölt eða efnasambönd notuð í staðinn. Við framleiðslu lágnatriumsalts, eins og

- t.d. á Íslandi er leitast við að nota í stað natríum klóríðs, heilsusamleg efnasambönd, þ.e. heilsu- og líkamsvæn sölt s.s. kalíum klóríð og magnesíum sölt, sem að jafnaði er skortur á í líkama fólks.

Íslenska Eðalsaltið

(Þessi kafli er samhljóða kafli með sama heiti í grein Sigurðar. Við erum salt jarðarinnar, í síðasta tölublaði Fréttaveitunnar. Rétt þykir þó að birta kaflið aftur hér)

Erlendir vísindamenn hafa haldið því fram, að Eðalsalt sé ennþá besta lág-natríumsaltið á markaði í heiminum í dag. Hér er bæði átt við hina ákjósanlegu samsetningu svo og einstök bragðgæði.

Þá skal þess getið, að aðrir framleiðendur lág-natríumsalts í heiminum framleiða vöru sína með svokallaðri þurr-blöndun (dry mixing), en þá eru hin einstöku efni vörurnar aðkeypt og svo að segja blönduð á staðnum. Það eru hins vegar hinar einstöku auðlindir Íslands á Reykjanesi, jarðhitasjór og kaldur jarðsjór ásamt fersku vatni, sem eru grunnur að besta lág-natríumsalti í heimi.

Í framleiðslu Eðalsalts, sem eimað er með háhitagufu úr jarðvökvum, er efnahlutföllum saltsins stýrt í hina völdu heilsu- og líkamsvænu samsetningu, meðan á eimingu og framleiðslu stendur. Þetta tryggir m.a. að hvert einasta korn Eðalsalts er einsleitt (homogenous) sem merkir, að hvert korn hefur nákvæmlega rétta og sömu efnasamsetningu.

Framleiðslutækni þessi sem þróuð var og notuð er í Saltverksmiðjunni á Reykjanesi er einkaleyfisbundin í 8 löndum, þ.e. helstu mörkuðum lág-natríumsalts í heiminum.

Framvinda sölu- og markaðsmála

Á vegum fyrri rekstraraðila hófst kynning og sala íslenska lág-natríumsalts-

ins á árinu 1993 undir nafninu SagaSalt. Ekki náðist samkomulag við rétthafa vöruheitisins um áframhaldandi notkun þess. Það var hinn 17. október 1994, að vara þessi var sett á markað héraendis undir nafninu Eðalsalt með afhendingu á fyrstu neytendapakningum til stjórnar Hitaveitu Suðurnesja, sem þá fundaði í Svartsengi og síðar um daginn til lön-aðarráðherra.

Við markaðsetningu erlendis var valið vöruheitið „Íslands Salt“ (Iceland Sea Mineral Salt), sem þykir undirstrika hollustuimynd og hreinleika vörunnar gagnvart almennum neytendum og matvælaframleiðendum erlendis. Í febrúar 1996 hófst kynning á vörumerki þessu á fjórum erlendum tungum, þ.e.a.s. ensku, frönsku, þýsku og norsku.

Seint á árinu 1996 hófst samstarf Íssjó við kanadíska matvælaframleiðslufyrirtækið VitaPro Foods Inc. Í framhaldi þess samstarfs var byrjað, á árinu 1997, að vinna að öflun samþykkis Matvæla- og lyfjaeftirlits Bandaríkjanna (FDA), sem endanlega var lokið í mars 1998.

Þá ber þess að geta, að í lok ársins 1996 gekk félagið frá heildstæðum samningi við Hitaveitu Suðurnesja er varðar kaupleigu verksmiðjunnar, orku, þ.e. rafmagn, gufu og öflun allra aðfangna, er Hitaveita Suðurnesja kemur til með að láta verksmiðjunni í té. Þá er einnig í samningi þessum kveðið á um tæknisamstarf. Samningurinn hefur í raun verið grundvöllur að þeirri starfsemi Íslenskra sjóefna, er lýtur að aðkomu fjárfesta og samstarfsaðila, erlendra og íslenskra.

Um þetta leyti hefur markaðs- og sölustarf skilað þeim árangri, að samkomulag hefur verið gert um sölu allra afurða verksmiðjunnar. Áætlað er, að

stórum hluta Eðalsalts-framleiðslunnar verði pakkað innanlands í neytendapakningar, sem felur í sér mikinn virðisauka framleiðslunnar héraendis. Á vormánuðum lauk eins árs þróun nýrrar vörulínu fyrir Bandaríkjamarkað, sem unnin var í samstarfi erlendra og íslenskra sérfræðinga. Hér er um að ræða Eðalsalt-kryddblöndur, þ.e.a.s. hreint salt, hvítlauksalt, lauksalt og allhiða kryddsalt (season all). Vara þessi er markaðssett og seld í USA af fyrirtækinu Global Village Market undir vöruheitinu Icelandic Miracle Salt. Nú þegar hafa tvær sendingar, samtals tólf tonn af vöru þessari í neytendapakningu verið sendar á Bandaríkjamarkað og hefur varan hlotið mjög góðar viðtökur.

Af þróunarstigi á framleiðslustig

Þessar vikurnar er að ljúka gerð sölusamninga við fyrirtæki í Kanada/USA og Evrópu, sem lengi hefur verið unnið að. Samhliða er nú unnið að innkomu erlendra og innlendra fjárfesta í félagið, sem skoða má sem síðasta áfangna þessa fjögurra ára þróunarverkefnis. Í kjölfar þessa er áætlað, að gangsetning og rekstur verksmiðjunnar hefjist að nýju. Á þeim fjórum árum, sem fyrirtækið hefur starfað, hefur eftirspurn í heiminum eftir lág-natríumsalti stórlega aukist. Athyglivert er, að nú er það hinn erlendi markaður, sem farinn er að þrýsta verulega á að fá vörur frá Saltverksmiðjunni á Reykjanesi hið fyrsta.

Kveðja frá Íssjó á Reykjanesi

Sigurður Jakob Halldórsson
framkvæmdastjóri



GOLF - GOLF

Opna orkuveitumótið 24. júlí
1998

Hitaveita Suðurnesja hélt nú í sjötta sinn „Opna orkuveitumótið í golfi“ á Hólmsvelli í Leiru þann 24. júlí. Óhætt er að segja að um hreina „sprengingu“ hafi verið að ræða í þátttökunni því alls voru mættir 69 keppendur (38 árið áður) frá 16 orkufyrirtækjum (15 árið áður) og auk þess voru tíu gestir (3 árið áður). Keppendur voru frá eftirtöldum fyrirtækjum (gestafjöldi innan sviga):

Hitaveita Suðurnesja (HS)	12 (2)
Rafmagnsveitur Reykjavíkur (RR)	10 (3)
Rafmagnsveitur Ríkisins (RARIK)	9 (1)
Landsvirkjun (LV)	8 (1)
Vatnsveita Hafnarfjarðar (VH)	6
Akranesveitur (Akr.)	4
Vatnsveita Garðabæjar (VG)	4

Hitaveita Reykjavíkur (HR)	3
Rafveita Hafnarfjarðar (RH)	2 (1)
Orkustofnun (OS)	2 (1)
Selfossveitur bs (Sv)	2
Bæjarveitur Vestmannaeyja (B.V.)	2
Vatnsveita Reykjavíkur	2
Rafveita Akureyrar	1 (1)
Orkubú Vestfjarða (OV)	1
Hitaveita Sauðárkróks	1

Að keppni lokinni, sem fór fram í frábæru Suðurnesjaveðri, logni og sólskini þrátt fyrir þjódögur um Leirulogn o.s.frv., var snæddur kvöldverður og verðlaunaafhending fór fram, en úrslit urðu þessi:

Besta sveitin (2): Vatnsveita Hafnarfjarðar á 134 höggum nettó.

Þeir sem töldust til sveitarinnar voru Guðjón Sverrisson (66) og Elías M. Sveinbjörnsson (68).

Röð annara sveita var eftirfarandi:

2.	Hitaveita Suðurnesja	138 högg
3.	Rafmagnsveita Rvk.	140 högg
4.	Landsvirkjun	142 högg
5.	RARIK	143 högg
6.	Rafveita Hafnarfjarðar	147 högg
7.	Vatnsveita Reykjavíkur	149 högg
8.	Bæjarveitur Vestm.eyja	151 högg
9-10.	Hitaveita Reykjavíkur	152 högg
9-10.	Akranesveitur	152 högg
11.	Vatnsveita Garðabæjar	155 högg
12.	Selfossveitur	161 högg
13.	Orkustofnun	174 högg

Án forgjafar:

1.	Helgi B. Þórisson (HS)	71 högg
2.	Jón Haukur Guðlaugsson (OS)	78 högg
3.	Ágúst Ársælsson (RARIK)	79 högg

Með forgjöf:

1.	Guðjón Sverrisson (VH)	66 högg
2.	Guðmundur Sigurvinsson (RR)	67 högg
3.	Elías M. Sveinbjörnsson (VH)	68 högg
	Sævar Sörensson (HS)	68 högg

Næstir holu:

3.	braut Helgi B. Þórisson (HS)	4,43 m.
16.	braut Gunnar S. Hilmarsson (OS)	1,02 m.

Annað:

Púttmeistarar urðu Sigurjón Ingvarsson (VH) og Ágúst Ársælsson (RARIK) með 30 pútt.

Gestaverðlaun fékk Gunnar S. Hilmarsson (OS), sem lék á 66 höggum nettó.

Besta árangri starfsmanns í kvennaflokki náðu Kristín Hilmarsdóttir (VG) og Margrét Sigurðardóttir (HR) eða 112 höggum (76 nettó).

Óhætt er að segja að mótið hafi tekist frábærlega vel og hægt að ítreka að um *sprengingu* í þátttöku var að ræða (93%). Starfsmenn Hitaveitu Suðurnesja, sem unnið hafa sveitakeppnina í fjögur skipti af fimm, voru ekki í nægilega góðu formi og enduðu í 2. sæti, sem er með öllu óviðunandi. Vegna þessa og hinnar miklu þátttöku er ljóst að vandlega verður að huga að fyrirkomulaginu næsta ár.

Væntanlega verður að leyfa keppendum að panta rástíma því þrátt fyrir að ræst hafi verið út bæði á fyrsta og tíunda teig þá tók um tvo tíma að koma öllum af stað.

Þá hlýtur að vera eðlilegt að fjölga þeim sem teljast til sveita í sveitakeppninni en allt verður þetta ákveðið síðar. Mótið verður áfram haldið árlega í Leirunni a.m.k. næstu árin og hefur greinilega þegar unnið sér fastan sess, enda skemmtilegur vettvangur samskipta starfsmanna fyrirtækjanna!

Og enn meira golfi!

Hitaveitumótið 21. júlí 1998



Þriðjudaginn 21. júlí var haldið meistaramót HS í golfi á Vallarhúsavelli í Sandgerði. Alls voru mættir 15 keppendur til leiks í hinni venjulegu rjómablíðu og urðu úrslitin þessi:

Með forgjöf:

1.	Hallvarður Jónsson	70 högg
2.	Víðir Sveins Jónsson	71 högg
3.	Sævar Sörensson	73 högg
4.	Steinþór Þorvaldsson	73 högg

Án forgjafar:

1.	Helgi B Þórisson	77 högg
2-3.	Hallvarður Þ. Jónsson	81 högg
2-3.	Víðir Sveins Jónsson	81 högg

Næstir holu:

4.	braut	Sigurþór Sævarsson	3,28 m.
8.	flöt, 2. högg	Sævar Sörensson	4,19 m.

Annað:

Púttmeistari varð Júlíus Jónsson með 29 pútt, sama og Víðir Sveins Jónsson en Júlíus vann í „bráðabana“.

Í sérstökum kvennaflokki, sem búinn var til að kröfu kvenkyns starfsmanna fyrirtækisins, fengust að venju ekki úrslit, því engin þeirra lét sjá sig!

Að venju tókst mótið mjög vel og allir höfðu gaman af þrátt fyrir misjafnt gengi.

Fjórir glaðbeittir kylfingar spiluðu sinn 2. hring þennan daginn (Sigurþór, Egill, Helgi og Júlíus) því þeir tóku þátt í móti í Leirunni á undan.

Að lokinni keppni grilluðu staðarhaldarar Vallarhúsa fyrir keppendur og gesti og síðan var verðlaunaafhending.

Mótið fór einstaklega vel fram í blíðunni, við fugla-söng og hundgá frá hundahótelinu á næsta bæ, en frammistaðan hefði mátt vera betri.

Þá er einnig orðið ljóst að ef fá á konufólkið til þátttöku, eða að minnsta kosti til að pútt, þá verður að ráðast í byggingu púttvallar nær aðalstöðvunum en nú býðst!



Nú á að fara í ferðalag - og þér er boðið með!

Að þessu sinni verður dvalið á hóteli yfir nótt. Ákveðið hefur verið að fara laugardaginn 12. september og gista eina nótt á hóteli Skaftafelli í Freysnesi.

Lagt verður af stað með hópferðabíl frá Brekkustíg 36 í Njarðvík klukkan átta á laugardagsmorgninum.

Síðan er áætlað að á í Vík um hádegisbilið, svo ferðafélagarnir geti slegið á ferðahungrið.

Um klukkan 15 munum við renna í hlað á Freysnesi og halda til herbergja, en standa þó stutt við, því síðan verður farið með leiðsögu-manni í skoðunarferð að Ingólfshöfða.

Að skoðunarferð lokinni verður haldið til baka til hótelsins að dusta af sér ferðarykið. Síðan njóta menn ljúffengs kvöldverðar og skemmtunar fram á rauða nótt.

Að loknum morgunverði á sunnudeginum verður farið í gönguferðir áður en haldið verður heim.

Skráning á vinnustöðum fyrir lok vinnudags 13/8

Með kærri kveðju
Stjórn Starfsmannafélags Hitaveitu Suðurnesja

Fréttaveitan
fer í sumarfrí
Næsta tölublað
Fréttaveitunnar
kemur út 16.
september n.k.,
vegna sumar-
leyfis ritstjóra,
nema eitthvað
sérlega frétt-
næmt hendi.

Vinsamlega af-
hendið rit-
nefndarmönn-um
á hugavert efni í
næsta blað!

HLEAÐ HJÁ HITAVEITUNNI

Flókið mál?

Fráfarandi stjórnarformaður er grín-isti mikill og hefur lag á að gera hvort sem er, flókin mál einföld eða einföld mál flókin allt eftir því, hvað honum finnst eiga við hverju sinni.

Í umræðum um eitt málið á síðasta stjórnarfundinum sagði hann: „Já, þetta er, eins og karlinn sagði, - afar einfalt í flókleika sínum!”

Rökrétt ályktun?

Þegar verið var að ræða viðbrögð Landsvirkjunar við slæmum vatnsbúskap, var meðal annars komið inn á mikinn fjölda virkjana í sumum fallvötnum landsins, og að alltaf virðist vera hægt að fjölga þeim.

Þá varð stjórnarformanninum að

orði: „Er þetta ekki orðið hálf ónýtt vatn, þegar búið er að virkja það svona oft?”

Tungumálaerfiðleikar?

Íslendingar hafa um árabil sótt mikið til Englands til tæknifrjóvgunar. Eitt sinn var þar par frá Keflavík ásamt fleirum, þar á meðal vestfirzku pari.

Vestfirzki eiginmaðurinn var ekki sleipur í ensku, en reyndi þó eftir mætti að koma hugsunum sínum á framfæri við þá ensku.

Gestgjafarnir buðu eitt kvöldið til grillveizlu. Eftir veizluna fadmaði Vestfirðingurinn kokkinn innilega og sagði með áherzlu og af miklum sannfæringarkrafti: „You are the best **cock** I know!”

Sjálfsögð varkárni í umferðinni!

Óli litli var staddur í kjörbúð með móður sinni, er mjög feit kona fór framhjá þeim með fulla innkaupakerru.

Allt í einu byrjaði símbóði, sem sú holduga var með, að pípa.

Drengurinn kippti í ofboði í móður sína og kallaði: „Mamma – mamma, varaðu þig – Hún er að fara að bakka!!”

Hún nýtti sér gáfurnar!

Tveir karlmenn og kona urðu skipreika á eyðieyju. Á göngu um fjöruna fundu þau flösku og tóku úr henni tappann. Upp úr stútnum kom gufa, sem breyttist í anda. Hann þakkaði þeim frelsið og bauð þeim að launum að uppfylla eina ósk fyrir hvert þeirra.

Annar karlinn óskaði sér þyrllu, sem gæti flutt sig heim, og óskinn var strax uppfyllt. Hinn óskaði sér báts, og réri síðan til lands.

Konan óskaði sér aftur á móti gáfna til að koma sér sjálf í land. Hún fékk óskina uppfyllta, nýtti sér gáfurnar og gekk eftir brúnni alla leið til lands.